

## **9. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2017-2018**

Þriðjudaginn 5. desember 2017 var haldinn níundi fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Daníel Örn Hinriksson varaformaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari, Pétur Alan Guðmundsson gjaldkeri, Þorsteinn Thorsteinson meðstjórnandi, Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður og Viktoría Jensdóttir varamaður.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

Dagskrá:

- 1. Undirritun fundargerða 7. og 8. fundar stjórnar**
- 2. Staðfesting erinda sem unnin voru milli funda**

a) Erindi Önnu Jónsdóttur varðandi túlkun á 80. gr. sýningareglna

Anna Jónsdóttir sendi stjórn erindi 3. september sl. sem var vísað til sýninganefndar. Erindið varðaði túlkun á 80. gr. sýningareglna sem er svohljóðandi: „Sá ræktandi sem hefur flest stig eftir hundasýningar ársins (janúar til desember) fær viðurkenninguna „Ræktandi ársins“. Til að eiga kost á stigum, skal ræktandi vera félagsmaður í HRFÍ, búsettur á Íslandi og eiga FCI viðurkennt ræktunarnafn. Stig eru einungis gefin á sýningum Hundaræktarfélags Íslands sem eru opnar öllum tegundum og gefa stig til meistara.

Svar til Önnu var svohljóðandi: „Stjórn hefur skoðað erindi þitt og borið það undir sýningastjórn. Niðurstaðan er eftir skoðun á 80. gr. sýningareglna, að hún geri kröfu um að ræktandi (ræktendur) sé félagsmaður (félagsmenn) í HRFÍ, sé búsettur (búsettir) á Íslandi og sé með (sameiginlega) viðurkennt ræktunarnafn.

Í þínu tilviki uppfyllir annar meðeigandi ræktunarnafns hvorki skilyrði um félagsaðild í HRFÍ né búsetuskilyrði. Það er því eðlileg túlkun að óbreyttum reglum og aðstæðum að hundar/ræktunarhópar frá sameiginlegri ræktun ykkar uppfylli ekki skilyrði til stigagjafar á HRFÍ sýningum.“

b) Að fengnum viðbótarupplýsingum var samþykkt beiðni Schnauzerdeildar um deildarsýningu.

### **3. Umsóknir ræktunardeilda í tegundahópi 7 um veiðiþróf fyrir árið 2018**

Stjórn ræddi og samþykkti tillögu veiðiþrófanefndar.

Umsóknir um veiðiþróf sem stjórn fékk til sín frá veiðiþrófanefnd til samræmis við reglu 3. málsgreinar 2.2. greinar veiðiþrófareglna rædd og samþykkt.

Í ljósi afgreiðslu veiðiþrófanefndar á umsóknum Fuglahundadeildar um meginlandsþróf er óskað eftir því að umsókn Fuglahundadeildar um slík þróf utan veiðiþrófsreglna verði sendar stjórn HRFÍ sérstaklega.

Í leiðbeiningum vegna umsókna veiðiþrófa er bætt við í 2. málsgrein 2. greinar svohljóðandi ákvæði:

„Í kostnaðaráætlun skal í áætluðum fjölda miða við skráningu síðastliðins árs nema sérstök rök standi til annars. Í slíkum tilvikum skal það rökstutt sérstaklega.“

Áréttað er að heildarendurskoðun veiðiþrófareglna skuli fara fram á fimm ára fresti að frumkvæði deilda í tegundahópi 7. Stjórn mun kalla eftir tilnefningum deildanna á fulltrúum í endurskoðunarnefnd. Stjórn felur Guðnýju verkefnastjóra að kalla eftir tilnefningum frá deildunum.

### **4. Handbók starfsmanna skrifstofu HRFÍ**

Guðný sendi stjórn eintak af handbók fyrir starfsmenn HRFÍ sem verður uppfærð reglulega. Stjórn list mjög vel á handbókina og telur hana eiga eftir að gagnast vel.

### **5. Önnur mál**

### Ræktunarmarkmið íslenska fjárhundsins

Stjórn staðfestir vinnu DÍF við ræktunarmarkmið íslenska fjárhundsins.

Stjórn samþykkir að senda markmiðið út til staðlanefndar FCI (e. Standard commission) til afgreiðslu.

### Ný gjaldskrá

Ný gjaldskrá er enn í vinnslu og þarf að samþykkja fyrir áramót.

### Stigahæsti ræktandi – útreikningur

Umræður urðu um stigagjöf varðandi keppni um stigahæsta ræktanda ársins. Vísað til sýninganefndar til umræðu.

### Litli Sámur

Önnur útfærsla á Litla Sámi var rædd.

### Erindi dregið til baka

Kristjana Knudsen hefur dregið beiðni sína til baka um undanþágu á lágmarksaldri tíkar fyrir got.

### Lokun skrifstofu yfir jólin

Guðný leggur til að loka skrifstofunni/síma frá 18. desember-2. janúar. Hægt verður að senda félaginu tölvupóst á þessu tímabili. Stjórn er samþykk þessu.

Fundi slitið kl. 20.00.